



SÚÐAVÍK - ÍSAFJÖRÐUR

Jarðgöng
og aðrar mögulegar leiðir
til að bæta öryggi vegfarenda

FORATHUGUN

GREINARGERÐ



Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Snjóflóð.....	1
3	Fyrri athuganir	9
4	Skoðun langra jarðganga	11
4.1	Munni við Dvergastein.....	14
4.2	Munni undir mynni Sauradals	15
4.3	Djúpagil	16
4.4	Naust.....	17
4.5	Kirkjubær.....	18
4.6	Fossar.....	21
4.7	Gangaleiðir langra ganga og samanburður	21
5	Aðrar leiðir	22
5.1	Súðavíkurhlíð.....	22
5.1.1	Stutt göng Leið A.....	22
5.1.2	Vegskálar og snjóflóðaskápar:.....	23
5.2	Kirkjubólshlíð.....	25
6	Lokaorð.....	28
7	Myndaskrá	30
8	Teikningar.....	31



1 Inngangur

Alþingi ákvað að veita lítilli fjárupphæð til athugunar á jarðgöngum á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar á leiðinni Ísafjörður- Súðavík. Markmiðið með jarðgöngum er eins og alltaf að bæta samgöngur. Á þessari leið er vandamálið snjóflóðahætta þannig að markmiðið er fyrst og fremst að losna við snjóflóðahættu. Eðlilegt er því að huga að því hvort hægt sé að leysa málið á annan hátt að minnsta kosti að hluta

Oft var talað um hlíðarnar Óshlíð og Súðavíkurhlíð saman. Þær eru sitt hvoru megin Skutulsfjarðar, um sumt líkar en annað ekki. Þær eru báðar snarbrattar í sjó niður. Óshlíðin var sérstaklega erfið og má segja að vandamálin varðandi öryggi vegar og vegfarenda þar hafi verið þrjúþætt. Mikil snjóflóðahætta, mikil grjóthrunshætta og mikill ágangur sjávar, sífelldar sjávarskemmdir á ákveðnum köflum vegarins vegna brims, mjög umfangsmiklar brimvarnir hefði þurft til að leysa það mál vel.

Á Súðavíkurhlíð er sambærileg snjóflóðahætta en grjóthrun hefur alltaf verið af annarri stærðargráðu. Þar er minni háttar grjóthrun úr hlíðinni sjálfri en ekki hátt úr fjalli eins og á Óshlíðinni. Sjávarrof er ekki mikið vandamál heldur. Þannig að vandamálið er snjóflóð. Á Óshlíðinni hafði náðst mikill árangur í snjóflóðavörnum með byggingu vegskála og gerð snjóflóðaskápa en verkinu var ekki lokið. Miklu verr gekk að verjast grjóthruninu og varð það að lokum helst til þess að ákveðið var að grafa göng. Þó að ekki hafi náðst nægur árangur í snjóflóðavörnum á Óshlíðinni fékkst þar mikil reynsla sem nota má annars staðar.

Þar sem vandamálin á Súðavíkurhlíðinni eru fyrst og fremst snjóflóð og mikill árangur náðist í baráttu við þau á Óshlíðinni er eðlilegt að skoða hvað sé hægt að gera í Súðavíkurhlíð með sambærilegum aðferðum.

Ef farið er um Súðavíkurhlíð á milli Súðavíkur og Ísafjarðar þarf líka að fara um Kirkjubólshlíð, þar koma einnig snjóflóð en miklu færri en á Súðavíkurhlíð, tæplega fimmti hluti. Það eru samt mörg snjóflóð sem koma veginn og líka þarf að minnka hættu af snjóflóðum þar.


Sú athugun sem fjallað er um í þessari greinargerð var fyrst og fremst að skoða löng göng og hvar best sé að staðsetja þau. Sjálfsagt og eðlilegt er að nefna einnig aðrar leiðir sem eru annars vegar stutt göng og hins vegar snjóflóðavarnir. Þessar leiðir eru mun ódýrari en taka verður fram árangur í að auka öryggið á veginum verður aldrei eins mikill en kann að verða fullnægjandi samt.

2 Snjóflóð

Snjóflóðin eru vandamálið og því eðlilegt að birta upplýsingar um fjölda þeirra. Súðavíkurhlíðin sem snýr á móti Ísafjarðadjúpi í austur er aðal vandamálið sem verið er að fjalla um en innri hlíð Skutulsfjarðar, Kirkjubólshlíð sem snýr á móti norðvestri, er líka mikil snjóflóðahlíð.

Snjóflóð hafa verið skráð í fjölda ára á þessum hlíðum. Við talningu snjóflóða er miðað við að snjóflóð loki a.m.k. annarri akrein vegarins. Snjóflóð sem stoppar í rás er því ekki talið. Ef tvö flóð falla á sama stað á milli mokstra er það talið sem eitt, þannig var það oft fyrstu árin en það hefur varla komið fyrir eftir að farið var að moka veginn daglega.

Hér á eftir eru töflur og súlurit sem sýna fjölda skráðra snjóflóða í hlíðunum tveimur. Tölurnar byggja á snjóflóðatalningu Vegagerðarinnar.





Mynd 1. Snjóflóðastaðir á Súdavíkurhlíð


Á Súdavíkurhlíð eru snjóflóðastaðirnir 22 á 2,7 km kafla eða svo, frá Djúpagili innst að gili nr. 1, nokkuð utan við Skjólhamravík. Á Kirkjubólshlíð eru staðirnir 17 og er þá talið inn að Flugvallarvegi. Á aðalkaflanum frá Naustum inn að Keldeyri rétt utan ytri flugvallarenda eru 14 gil á 2,5 km kafla.

Gil nr.	Súdavíkurhlíð fjöldi flóða															Alls flóð
	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007		
1	1			2		0			3						1	7
2	1			2	1	2	2	1	4		1				2	16
3	0			2		0	0	1	1						1	4
4	1			1		0	0		2		1				1	6
5	1			2		0	0		2		1				1	7
6	1			1		1	1		2				1		1	7
7	1			5	1	1	2		4		1				2	17
8	3			4		1	1	1	3		1				2	16
9	1			5			1		1		1					9
10	1			3		1	2		3		1				1	12
11	1			2		2	1		1		1				1	6
12	1			4		1	0		2		1				1	10
13				5	2	1	0		2	3		1			2	16
14				1		0	0		0						2	3
15	3			2	2		1	1	2	1					2	14
16				2		0	0	1	1		1				2	7
17				3		1	1		2		1				2	9
18	2			6	2	1	2	2	3		1				1	20
19				2		0	0		1		1				1	5
20	1	1		3		0	0	1	1	1	1	1			2	11
21	3	1		2		2	2	1	1	4	2			1	3	20
22	2			2	2	1	1	2	4	4	1				1	15
	24	2	61	10	8	17	1	12	48	2	18	1	1	32	237	

Skráð snjóflóð á Súdavíkurhlíð 2007 til 2020




Snjóflóðasamantekt á Súðavíkurhlíð 2007 til 2020 sýnir nú, 17 flóð á ári að meðaltali, eða 0,8 stk. á gil á ári, sjá töflu. Á árunum 1991 til 2000 voru þau 56,2 á ári eða 2,55 stk. á gil. Núna er fjöldinn því aðeins um þriðjungur, sennilega er þetta bæði vegna þess að minna snjóar nú en áður í breyttu tíðarfari og lagfæringar hafa verið gerðar á veginum, rásir breikkaðar. Færi snjóflóð fara inn á veg en áður.



Gömull teikning af snjóflóðastöðum á Kirkjubólshlíð


61-39 Kirkjubólshlíð		fjöldi flóða														Alls flóð	
Gil nr.	Stöð	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007		
1	2,090 - 2,130									1				1		3	5
2	2,220 - 2,230													1		1	2
3	2,320 - 2,340																0
4	2,47									1							1
5	2,550 - 2,600			1		1			1	1							4
6	2,750 - 2,860			1					1				1			2	5
7	2,900 - 2,960																0
8	3,060 - 3,100									1							1
9	3,230 - 3,300	1			1				2	1							5
10	3,400 - 3,490									1						2	3
11	3,600 - 3,740					1				2						1	4
12	3,83 - 4,000									1						2	3
13	4,140 - 4,240																0
14	4,360 - 4,630															1	1
15	5,650 - 5,810															1	1
16	6,040 - 6,140									1							1
17	0,070 - 0,430																0
óstaðsett																	0
		1	0	2	1	2	0	0	4	10	0	0	3	0	13		36


Skráð snjóflóð á Kirkjubólshlíð 2007 til 2020





Á Kirkjubólshlíð eru snjóflóðin mun færri en á Súðavíkurhlíð og einnig færri nú en áður. Einkenni á snjóflóðum á Kirkjubólshlíð er að þau falla flest í stórum hrinum þegar koma mjög vond veður með mikilli snjókomu. Í töflunni sést að á árumum 2007 til 2020 hafa 23 af 36 flóðum fallið á tveimur árum og þau hafa langflest fallið í einni hrynu hvort ár. Fyrir utan þessar hrynur hafa fallið um 13 flóð eða eitt á ári að meðaltali.





Mynd 2 og 3. Snjóflóð á Kirkjubólshlíð, teiknuð af Veðurstofunni. Ekki eru teiknuð öll þekkt flóð en myndirnar lýsa aðstæðum í aðalatriðum vel.

Fjöldi flóða á ári	Súðavíkurhlíð	Kirkjubólshlíð
1976-1990	43	4,4
1991-2000	56,2	5,0
2007-2020	17	2,6


Í töflunni sést að snjóflóðum sem loka veginum á hverju ári hefur fækkað mikið, eins og áður er sagt bæði vegna endurbóta á veginum og breytinga á veðurfari.

Því er spáð að veðurfar breytist áfram og það hlýni. Ekki verður hér vitnað til gagna um þessar spár en þær eru aðgengilegar. Hærra meðalhitastig, það er meiri hlýindi, þýða minni snjókomu og þar með færri snjóflóð. Jarðgöng endast mjög lengi, göngin sjálf kannski 100 ár, þau eru líka mjög dýr. Varðandi stefnumörkun í þessu efni þyrfti að reyna að meta áhrif af hlýnun á fjölda snjóflóða eftir aldarfjórðung til dæmis.

Umferð 2018 á nokkrum vegarköflum

		Ársmeðalumferð	Sumar meðalumferð	Vetrarmeðalumferð
61-35	Innan Álftafjarðar	245	428	117
61-38	Súðavíkurhlíð	512	786	318
61-39	Kirkjubólshlíð	541	829	325

Það er hvorki umferðarteljari á Súðavíkurhlíð eða Kirkjubólshlíð, tölurnar byggja á skynditalningum og síðan er miðað við fasta teljara í nágrenninu um dreifingu yfir árið og þróun frá ári til árs. Þessar tölur og línuritíð að neðan sýna þróunina í aðalatriðum, en ekki þýðir að reyna að túlka minni frávík mikið.



Með opnum Dýrafjarðarganga, lagningu nýs vegar um Dynjandisheiði og í Gufudalsveit mun mikilvægi vesturleiðarinnar aukast og vegar um Djúp eitthvað minnka. Það verður um 60 km styttra þá leið frá Ísafirði til Suðurlands, raunar aðeins styttra frá Súðavík líka. Nú þegar er vesturleiðin 35 km styttri frá Ísafirði og jafn löng frá Súðavík. Það eru auðvitað fleiri atriði sem ráða leiðavali en vegalengd, en hún hefur almennt mikið vægi. Meiri en helmingur umferðar um Súðavíkurhlíð er á milli Súðavíkur og Ísafjarðar, hvernig hann þrósast fer eftir aðstæðum á svæðinu. Núverandi umferðarstraumur frá Ísafjarðarsvæði suður um Súðavíkurhlíð mun líklega minnka aðeins. Á hinn bóginn er mögulegt að með góðum hringvegi um Vestfirði aukist ferðamannaumferð, en þá sennilega mest á sumrin. Það er því ekki auðvelt að spá um uferðarþróun á leiðinni milli Súðavíkur og Ísafjarðar og verður ekki reynt að gera það hér.



Í töflum að neðan er yfirlit yfir fjölda slysa og slysatíðni á Súðavíkurlíð og Kirkjubólshlíð síðast liðin 10 ár.

Vegnr	Kaflanr	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	ÁDU	Eigna- tjón	Lítil meiðsl	Mikil meiðsl	Bana- slys	Samtals	Slysa- tíðni	Ekni- r þús. km	Ár
61	38	Djúpvegur	Súðavík, Höfðabrekka	Arnardalsá	8,50	353	3	0	0	0	3	2,74	1,095	2010
61	38	Djúpvegur	Súðavík, Höfðabrekka	Arnardalsá	8,47	475	1	2	0	0	3	2,04	1,468	2011
61	38	Djúpvegur	Súðavík, Höfðabrekka	Arnardalsá	8,47	466	1	1	0	0	2	1,38	1,445	2012
61	38	Djúpvegur	Súðavík, Höfðabrekka	Arnardalsá	8,47	471	3	2	0	0	5	3,43	1,456	2013
61	38	Djúpvegur	Súðavík, Höfðabrekka	Arnardalsá	8,47	472	1	0	0	0	1	0,69	1,459	2014
61	38	Djúpvegur	Súðavík, Höfðabrekka	Arnardalsá	8,47	498	1	0	0	0	1	0,65	1,540	2015
61	38	Djúpvegur	Súðavík, Höfðabrekka	Arnardalsá	8,47	517	1	2	0	0	3	1,87	1,603	2016
61	38	Djúpvegur	Súðavík, Höfðabrekka	Arnardalsá	8,47	482	0	1	0	0	1	0,67	1,490	2017
61	38	Djúpvegur	Súðavík, Höfðabrekka	Arnardalsá	8,47	512	1	1	0	0	2	1,26	1,583	2018
61	38	Djúpvegur	Súðavík, Höfðabrekka	Arnardalsá	8,47	460	0	0	0	0	0	0,00	1,422	2019
											Samtals	21	1,44	14,561

Vegnr	Kaflanr	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	ÁDU	Eigna- tjón	Lítil meiðsl	Mikil meiðsl	Bana- slys	Samtals	Slysa- tíðni	Ekni- r þús. km	Ár
61	39	Djúpvegur	Arnardalsá	Flugvallarvegur Ísafirði	6	415	2	1	0	0	3	3,13	957	2010
61	39	Djúpvegur	Arnardalsá	Flugvallarvegur Ísafirði	6	501	0	0	0	0	0	0,00	1154	2011
61	39	Djúpvegur	Arnardalsá	Flugvallarvegur Ísafirði	6	492	0	0	0	0	0	0,00	1136	2012
61	39	Djúpvegur	Arnardalsá	Flugvallarvegur Ísafirði	6	497	0	0	0	0	0	0,00	1145	2013
61	39	Djúpvegur	Arnardalsá	Flugvallarvegur Ísafirði	6	498	0	0	0	0	0	0,00	1147	2014
61	39	Djúpvegur	Arnardalsá	Flugvallarvegur Ísafirði	6	525	0	0	0	0	0	0,00	1209	2015
61	39	Djúpvegur	Arnardalsá	Flugvallarvegur Ísafirði	6	545	0	0	0	0	0	0,00	1259	2016
61	39	Djúpvegur	Arnardalsá	Flugvallarvegur Ísafirði	6	509	0	0	0	0	0	0,00	1172	2017
61	39	Djúpvegur	Arnardalsá	Flugvallarvegur Ísafirði	6	541	1	0	0	0	1	0,80	1246	2018
61	39	Djúpvegur	Arnardalsá	Flugvallarvegur Ísafirði	6	486	0	0	0	0	0	0,00	1119	2019
											Samtals	4	0,38	10587

Meðalslysatíðni á Súðavíkurlíð reiknast 1,44 frá 2010 til 2019, en mun lægri á Kirkjubólshlíð. Til að setja þetta aðeins í samhengi er hér að neðan tafla um meðalslysatíðni í nokkrum landshlutum og landinu öllu. Séð í því ljósi er 1,44 ekkert mjög hátt. Þess má geta að þrjú af þessum slysum eru við eða í göngum í gegnum Arnarneshamar á árunum 2010 til 2015. Mögulegur fjöldi slysa við Hamarinn á árunum 2016 til 2019 ekki handbær.


	Slysatíðni allir vegir			
	Vesturland	Norðurland	Austurland	Ísland
2013	0,9	0,94	1,58	1,09
2014	0,89	0,95	1,31	1,06
2015		1,08	1,43	1,15
2016	0,89	0,94	1,46	1,05

3 Fyrri athuganir

Oft hafa ákveðin atriði verið skoðuð en stærsta athugunin er frá 2002 og byggir að hluta á minni athugunum á ýmsum þáttum. Skýrsla um athugunina er *Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur*. Þá var meðal annars gerð athugun á jarðgöngum en einnig voru skoðaðir vegskálar og fleiri aðgerðir, sem gert er grein fyrir síðar.

Þá voru varðandi Súðavíkurhlíð og að sumu leyti Kirkjubólshlíð, skilgreindir fjórir möguleikar á jarðgöngum, hér eru þeir nefndir A B C og D.

- Fjargil – Súðavíkurhlíð: Jarðgöng 2,5 km við sjávarmál og þá er gert ráð fyrir sérstökum skálum í Djúpagili og Fjargili að auki. Þessi göng næðu yfir snjóflóðasvæðið.
- Djúpagil – Arnardalur: Jarðgöng 2,7 km. Leysir ekki Kirkjubólshlíð frekar en leið A. Munninn í Arnardal í nálægt 80 m hæð, halli ganganna yrði tæp 3% sem er innan marka þess sem talið er vel viðunandi.
- Sauradalur – Naust: Jarðgöng 6,1 km. Leysir Kirkjubólshlíð líka.
- Dvergasteinn – Fossar í Engidal: Jarðgöng 6,5 km. Leiðin til Súðavíkur lengri en um leið C og leið inn Djúp styttest svipað, þessi leið var ekki talin áhugaverð.



Mynd 4. Jarðgangamöguleikar í skýrslu frá árinu 2002

Ágúst Guðmundsson jarðfræðingur skoðaði jarðgangakostina. “Ágúst Guðmundsson Jarðgöng á Vestfjörðum, Óshlíð og Súðavíkurlíð, yfirlit yfir jarðfræðilegar aðstæður, Reykjavík 2001“. Þar var athuguð gangaleið á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar, þar segir m.a.:

Skutulsfjörður - Álftafjörður. Tvær um 6 km langar gangaleiðir voru kannaðar frá Skutulsfirði til Álftafjarðar auk tveggja skemmri leiða (um 3 km hvor) er miða ekki að vegstyttingu heldur að víkja vegsambandinu undan snjóflóða og skriðuhættu á Súðavíkurlíð.

Gangaleiðirnar frá Naustum í Skutulsfirði til Sauradalsár ofan Súðavíkur og leiðin frá Engidal að Dvergasteini liggja um berggrunn sem þykir tiltölulega heppilegur til jarðgangagerðar og engir sérstakir veikleikar áberandi hvorki í brotavirkni né jarðlögum. Tiltölulega auðvelt er með staði fyrir munna við alla gangaenda en þó eru aðstæður fyrir munna heldur hagstæðari á leiðinni frá Naustum að Sauradalsá. Nokkur stytting yrði á vegalengdum milli byggðalaga með þessum göngum. Stutta nýja vegi þarf að leggja vegna þessara jarðganga.

Um 3 km löng gangaleið frá Arnardal yfir í innanverða Súðavíkurlíð myndi fara framhjá snjóflóðasvæðum á Súðavíkurlíð. Aðstæður fyrir munna eru hagstæðar beggja vegna og einnig með nýlagningu vegar um Arnardal. Bergið á jarðgangaleið þykir hagstætt til jarðgangagerðar.

Gangaleið í sveig inn í Súðavíkurlíð frá Djúpagili út undir Brúðarhamar væri líðlega 3 km löng með munna við hagstæðar aðstæður á báðum stöðum meðfram núverandi vegi. Berg á jarðgangaleið er talið vera gott en varúðar ber að gæta varðandi sprungubelti er liggja samhliða meginstefnu ganganna.

Í jarðgangaáætlun árið 2000 eru nefnd göngin Djúpagil -Arnardalur, kostur B hér að framan.



Í Greinargerðinni um Óshlíð og Súðavíkurlíð frá 2002 var skoðað vel að byggja vegskála í nokkrum giljum og gera snjóflóðaskápa í öllum hinum. Það sem heitir kostur 5 vegskálaleið gerir ráð fyrir 7 vegskálum og síðan tveimur til vara þar sem snjóflóðaskápar sýni sig að duga ekki. Samtals er gert ráð fyrir 570 m vegskála. Síðan eiga að vera snjóflóðaskápar í hinum giljunum 13.

Tillögur um aðgerðir á Kirkjubólshlíð voru ekki nærri eins ítarlegar, aðeins gerðar tillögur um úrbætur í tveimur giljum.



4 Skoðun langra jarðganga

Þegar veitt var lítilli fjárupphæð til rannsókna Álftafjarðarganga 2018 þurfti að velja hvað væri skynsamlegast að skoða, því um heildarathugun á mögulegum jarðgöngum getur ekki verið að ræða. Frá því eldri greinargerð kom út 2002 er búið að gera mörg jarðgöng, Almannaskarðsgöng, Fáskrúðsfjarðargöng, Héðinsfjarðargöng, Óshlíðargöng, Norðfjarðargöng, Vaðlaheiðargöng og Dýrafjarðargöng og margbáttuð reynsla fengist. Reynslan hefur sýnt að gerð berglaga ráði almennt litlu um staðsetningu ganga en miklu frekar aðstæður við munna fyrir utan lengd ganga.

Var ákveðið að skoða sérstaklega staðsetningu munna fyrir göng frá Naustum eða nágrenni til Súðavíkur eða nágrennis. Varðandi aðstæður við munna er fróðlegt að skoða þessar myndir frá Munna Óshlíðarganga í Hnífsdal og myndina af athafnasvæði við Norðfjarðargöng í Eskifirði.




Myndir 5 og 6. Gröftur í forskeringu Óshlíðarganga í Hnífsdal 2008. Það þurfti að byrja að grafa 100 m fyrir ofan munna og hreinsa klöppina alla leið niður. Neðan til var skriðan mjög þykk.

Staður fyrir gangamunna í Skutulsfirði var á sínum tíma valinn undir Naustahvilft á móts við ytri flugvallarenda Ísafjarðarflugvallar, því að þar væri síst snjóflóðahætta. Ekki er víst að það sé alveg rétt en á hinn bóginn er urðarkápan sennilega einna þykkust þarna í hlíðinni og mikið rask yrði við gröft á lausu efni við gangamunna samanber myndir frá Hnífsdal og sárið mundi blasa við frá miðbæ Ísafjarðar. Þar er einnig mjög þröngt um athafnasvæði. En heilmikið athafnasvæði þarf sbr. myndina frá Eskifirði, en athafnasvæðið á henni er 4 til 5 hektarar.



Mynd 7. Athafnasvæði við Norðfjarðargöng á Eskifirði

Af þessum samanburði kom sú hugmynd fram að athuga með munna innar í Skutulsfirði þar sem urðarþekjan(skríðan) væri líklega þynnri, staðurinn ekki eins áberandi og meira pláss til athafna. Upp kom staðurinn gengt fyllingu yfir fjörðinn á móts við innri flugvallarenda, sem sennilega er best að kenna við næsta býli, Kirkjubæ. Göng frá Sauradal að Kirkjubæ, leið, F væru aðeins lengri en að Naustum. Einnig má grafa göng frá stað við Djúpagil að Naustum leið E, það væru stystu göngin af þessum þrem.




Myndir 8 og 9. jarðgangamöguleikar

Til þess að bera saman munnastaði við Naust og Kirkjubæ var nauðsynlegt að kanna þykkt skríðunnar með jarðborunum. Ekki var borað í berg enda ekki talin ástæða til þess nú samanber það sem sagði áður. Einnig var könnuð þykkt lausra jarðlaga við mynni Sauradals, en ekki talin ástæða til að gera það við Djúpagil þar eð sá þáttur yrði ekki mikilvægur þar.

Þarna væru þá einkum þrjár gangaleiðir C, E og F. Gangaleið D er tekin með en sýnist ekki áhugaverð frekar en áður.

Leið	Munni Álfafjarðarmegin	Hæð munna	Munni Skutulsfjarðarmegin	Hæð munna	Lengd ganga m	Vegalengd Súðavík-Ísafjörður	Stytt-ing	Vegalengd Dvergast. Ísafjörður	Stytt-ing
C	Sauradalur	60	Naust	30	6,112	13,8	7,4	16,4	9,0
D	Dvergasteinn	30	Fossar	40	6,059	17,6	3,6	13,4	12,0
E	Djúpagil	6	Naust	30	5,800	15,2	6,0	19,4	6,0
F	Sauradalur	60	Kirkjubær	15	6,680	13,1	8,1	15,8	9,6
Fyrir Arnarnes						21,2	0	25,4	0

Tafla: Vegalengdir til Ísafjarðar miðast við hringtorg á mótum Skutulsfjarðarbrautar og Pollgötu eða Djúpvegjar(61) og Hafnarvegjar Ísafirði (636). Í Súðavík er miðað við vegamót Djúpvegjar og Grundargötu utan og neðan við þjónustumiðstöðuna í Súðavík.



Mynd 10: Yfirlit yfir munnastaði sem hugað var að.

Gangamunnar á einstökum göngum eru í líkri hæð þannig að göng munu halla upp frá munnum og vera með hæsta punkt nærri miðju. Mesti hæðarmunur er á leið F á milli Sauradals og Kirkjubæjar. og Fossa. Aðstæður við munna skipta miklu máli og verður þeim nú lýst.

Teikningar eru í viðauka sem sína legu og langsnið ganga.



4.1 Munni við Dvergastein



Mynd 11. Séð út Álftafjörð, hjalli ofan Dvergasteins á miðri mynd, Dvergasteinn lengst til hægri.

Munni er teiknaður ofan Dvergasteins í nálægt 30 m hæð yfir sjó. Ekki hafa verið gerðar athuganir á þykkt skriðunnar á þessum stað. Eins og sést á mynd að ofan er þarna hjalli í hlíðinni í um 100 m hæð yfir sjó, líklega úr lausum jarðefnum sem bendir til þess að það geti verið þykkt laga af lausefnum ofan á klöpp neðan hans. Ólánlegt er að fara með munna upp í 100 m hæð uppi á hjallanum, þó að það sé hægt. Þá væri líkleg tenging við núverandi veg í nágrenni Svarthamars. Aðstæður hafa aðeins verið skoðaðar með sjónmati. Rými fyrir vinnusvæði er gott. Vegagerð er frá munna niður á veg mundi liggja inn á við í firðinum og vegamót gætu þá verið um 150 m innan við Dvergasteinsá eða 3,4 km frá vegamótum við Langeyri.


Teikn 401 Lega ganga leið D, Dvergasteinn - Fossar

402 Langsnið ganga Leið D. Dvergasteinn - Fossar

403 Langsið við enda ganga



4.2 Munnur undir mynni Sauradals



Mynd 12: Yfirlitsmynd um staðsetningu munna og vegar að honum.

Munnur yrði í um 60 m hæð. Athuganir sýndu að lag lausra jarðefna er þunnt og nægilegt rými fyrir athafnasvæði og svæði til að koma efni fyrir. Þetta er auðvitað nærri Súðavík en munnur er samt í hvarfi úr þorpinu. Ekki er hægt að leggja veg beint niður í þorpið í Súðavík, heldur verður hann að liggja fram hjá og tengjast núverandi vegi inn á mós við Langeyri. Þar myndu koma vegamót að Súðavík í ca. 18 m hæð yfir sjó. Lítil halli myndi vera á veginum að gangamunna. Efni í veginn kæmi að mestu úr göngunum en sennilega þyrfti þó að gera fært í vegstæðinu að gangamunna áður en framkvæmdir hefjast með efni annars staðar frá. Efni sem yrði afgangsrörði skilið eftir við munnur til síðari nota fyrir samfélagið.

Teikn	601	Leggja gangu Sauradalur – Kirkjubær. Langsnið við munnur
	602	Langsnið gangu leið F, Sauradalur - Kirkjubær
	603	Göng leið F, Sauradalur - Kirkjubær leggja við munnur
	701	Dýpi á klöpp mælisnið 1
	702	Dýpi á klöpp mælisnið 2
	703	Göng leið C, Sauradalur - Naust, forskering
	704	Göng leið F, Sauradalur - Kirkjubær, forskering



4.3 Djúpagil




Mynd 13: Séð inn Álftafjörð, Djúpagil á miðri mynd, gangamunni til Skutulsfjarðar mundi vera innan við það.

Hæð munnans er aðeins rétt yfir sjávarmáli 6 m eða svo. Þykkt lausefna hefur ekki verið könnuð, en skiptir varla máli. Það er stallur þarna neðst í hlíðinni þannig að forskering nær ekki hátt upp. Vandamálið er að vegurinn þarf að liggja út í sjó sennilega á allt að 1 km kafla, dýpi hefur ekki verið kannað. Pláss fyrir athafnasvæði lítið. Það fæst efni í fyllingu úr göngum en grjót í brimvörn þarf að ná í annað. Við það að vegurinn færir út í sjó kemur aðeins athafnasvæði fyrir efni innan við hann, sem líklega er nægjanleg því að mest fer í sjávarfyllinguna. Það er úrvinnsluatriði hvernig leggja á veginn nákvæmlega, það er hversu langt út í sjó á móti því að beygja fyrr inn í fjallið en það myndi þýða lengri göng og vegskála. Þetta hefur áhrif á kostnað en hefur ekki verið skoðað. Rými fyrir skrifstofur og vinnubúðir og geymsluskemmur þarf að finna annars staðar, væntanlega í Súðavík. Verkstæði yrði við munna. Vegurinn frá þessum munna lægi í gegn um gömlu og nýju Súðavík eins og nú er með þeim kostum og göllum sem því fylgir.

Teikning	501	Lega ganga leið E, Djúpagil - Naust
	502	Langsnið ganga leið E Djúpagil - Naust
	503	Göng leið E, Djúpagil - Naust, lega við munna



4.4 Naust



Mynd 14. yfirlit yfir munnasvæði.


Gert ráð fyrir munna í svipaðri hæð og núverandi vegur. Lítið pláss til að koma fyrir beygju til að komast inn í fjallið þannig að hún verður að stórum hluta að fara inn í hlíðina sem þýðir stærra sár af forskeringunni og lengri vegskáli. Munni á mögulega að vera aðeins innar en teiknað er. Mjög lítið pláss og erfitt er fyrir athafnasvæði og efnishauga. Ef til vill þarf að gera stall í hlíðinni utan við skálann fyrir verkstæði og það nauðsynlegasta. Helst virðist mögulegt að koma efni fyrir í fjörunni utan við flugvallarendann, þá þarf sennilega að taka tillit til flugumferðar. Að öðrum kosti þarf að flytja efnið á stað lengra frá. Örugglega þarf að flytja hluta efnis til efnisvinnslu á stað þar sem pláss er, ef til vill við á gamla námusvæðið á Kirkjubóli, 3 km eða út í Arnardal, 5 km. Tiltölulega lítið efni fer til vegagerðar utan ganga þannig að mikið efni yrði eftir til nota fyrir samfélagið.

Í borun var staðfest það sem talið var að urðarkápan væri frekar þykk mældist 13 m þar sem var borað og þarf því að grafa mikla forskeringu sem verður áberandi og blasir við frá bænum. Það er snjóflóðahætta í nágrenninu og sennilega líka einhver á munnasvæðinu. Upp í Naustahvilt er mikið farin gönguleið, ef hún raskast sem ekki er víst þarf að færa hana til sem ætti ekki að vera mikið mál.

Teikn	301	Lega ganga leið C, Sauradalur - Naust
	302	Langsnið ganga leið C. Sauradalur - Naust
	501	Lega ganga leið E, Djúpagil - Naust
	502	Langsnið ganga leið E, Djúpagil - Naust
	711	Naust dýpi á klöpp mælisnið
	712	Sauradalur - Naust leið C, forskering
	713	Djúpagil - Naust leið E, forskering



4.5 Kirkjubær



Mynd 15: Yfirlit yfir staðsetningu.

Gangamunni yrði í 15 m hæð gengt fyllingunni yfir fjörðinn. Staðurinn valinn á milli skriðuhryggja sem minnkar líkur á skriðum og flóðum. Á snjóflóðamyndinni kemur fram smá svæði að mestu frítt við snjóflóð, þar er líklega þynnsta skriðuhulan líka. Borun til athugunar á þykkt skriðunnar sýndi að frekar stutt var á klöppina og eftir atvikum gott að koma forskerinu fyrir, ekki virðist þurfa að fara mjög hátt í hlíðina.

Vegakerfið utan við munnan myndi gjörbreytast, bæði Flugvallarvegur og vegur út eftir hlíðinni og vegur inn í Skutulsfjörðinn. Aðalvegurinn (61) fer beint inn í fjallið, vegamót við Flugvallarveg (631) strax í fjöruborði. Vegamót við Skutulsfjarðarveg(639) myndu líka færast mikið, gætu orðið um 150 m frá gangamunna.



Mynd 16: Innmæld snjóflóð.

Það er mikil snjóflóðahætta í næsta nágrenni og einhver á munnastaðnum. Til að verja veginn framan við munna þarf vegskálinn mögulega að vera aðeins lengri en ella. Til að forðast snjóflóðahættu á byggingatíma kemur til greina að opna forskeringuna og grafa 50 m göng fyrst. Byggja síðan vegskála þannig að öll aðkoma að göngunum á graftartíma væri í gegn um hann. Þetta lengir aðeins framkvæmdatíma en veldur engum erfiðleikum. Líklega þarf að lengja vegskálann og mögulega á að gera lítinn garð til að verja veginn fyrir framan skálann.




Mynd 17: Munnasvæði við Kirkjubær, gengt veginum yfir fjörðinn. Slóðin á myndinni var gerð til að komast að borstöðum.



Athafnasvæði er þröngt, en má búa til. Á framkvæmdatíma yrði byrjað á því að leggja nýjan Flugvallarveg ásamt tenginu út á hlíðina. Umferðin á núverandi Djúpvegi (61) yrði strax færð á þennan veg og Skutulsfjarðarvegi lokað í bili. Þá kemur svæði hátt í hektara ofan við nýjan Flugvallarveg sem má nota fyrir athafnasvæði annað hvort skemmur eða efni og efnisvinnslu. Á svæðinu á milli gamla flugskýlisins og nýs Flugvallarvegar má hugsanlega semja um að koma fyrir húsum, skrifstofum og geymsluskemmum til bráðabirgða. Innan við núverandi Djúpveg í krikanum við landið má einnig geyma mikið efni og skilja eftir til framtíðarnota. Gera þarf ráð fyrir að það þurfi að flytja efni inn að Kirkjubóli til efnisvinnslu, 2 km, því slík vinnsla tekur mikið pláss. Vinnubúðir verða einhver staðar annars staðar.

Teikn	601	Leggja ganga leið F, Sauradalur- Kirkjubær langsnið
	602	Langsnið ganga leið F, Sauradalur – Kirkjubær
	604	Göng leið F, Sauradalur - Kirkjubær leggja við munna
	611	Skipulag vinnusvæðis og nýrra vega
	721	Dýpi á klöpp mælisnið
	722	Göng leið F Sauradalur- Kirkjubær, forskering



Mynd 18: Skipulag vinnusvæðis og nýir vegir.



4.6 Fossar

Við Fossa virðist munni eðlilegur nokkuð fyrir utan virkjunina. Þar er aðeins stallur í hlíðina líklega vegna berggangsins sem fossinn er á og mun vera sami gangurinn og myndar Arnardalshamar. Vegur inn Engidalinn líklega á sömu slóðum og núverandi vegur nema að eðlilegt virðist að fara hinum megin við Kirkjugarðinn (fjallsmegin).

Teikn 401 lega ganga leið D, Dvergasteinn - Fossar

402 Langsnið ganga Leið D. Dvergasteinn - Fossar

404 Langsið við enda ganga

4.7 Gangaleiðir langra ganga og samanburður

Nú hafa verið skilgreindir unnar fyrir eftirtaldar gangaleiðir með vestari enda í Álftafirði og þann eystri endann í Skutulsfirði. Teiknaðar hafa verið lauslegar veglínur á milli þessara staða og langsnið í gegn um fjallið. Helstu lengdir teknar saman í töflu. Vegalengd frá Dvergasteini til Ísafjarðar er tekin með til að sýna breytingu á lengd leiðar inn í Djúp og áfram til annarra landshluta.

Leið	Munni Álftafjarðarmegin	Hæð munna	Munni Skutulsfjarðarmegin	Hæð munna	Lengd ganga m	Vegalengd Súðavík-Ísafjörður	Stytt- ing	Vegalengd Dvergast. Ísafjörður	Stytt- ing
C	Sauradalur	60	Naust	30	6,200	13,8	7,4	16,4	9,0
D	Dvergasteinn	30	Fossar	40	6,300	17,6	3,6	13,4	12,0
E	Djúpagil	6	Naust	30	6,000	15,2	6,0	19,4	6,0
F	Sauradalur	60	Kirkjubær	15	6,700	13,1	8,1	15,8	9,6
Fyrir Arnarnes						21,2	0	25,4	0

Hér verða nokkur atriði nefnd varðandi samanburð, tölur og myndir tala þó sínu máli. Kostnaður við göng er að mestu leyti í hlutfalli við lengd en aðstæður við munna skiptir minna máli. Göng á milli Djúpagils og Nausta eru styst en göng á milli Sauradals og Kirkjubæjar lengst.

Leið D, Dvergasteinn - Fossar er 2,4 km styttri suður en leið F, Sauradalur -Kirkjubær, en 3,4 km lengra er til Súðavíkur um leiðina. Eins og kemur fram í kafla 1 er ársumferðin á Súðavíkurhlíð, 2018, 512 bílar á dag en 245 bílar á dag innan Álftafjarðar. Eitthvað af umferðinni innan Álftafjarðar er frá Súðavík. Meirihluti umferðar á Súðavíkurhlíð er þá á milli Ísafjarðar og Súðavíkur (Álftafjarðar). Þannig að heildaraksturssparnaður fyrir umferð inn Djúp er minni en aukning aksturs vegna lengingar til Súðavíkur. Einnig skiptir meira máli að stytta stuttu leiðina á milli þéttbýlisstaðina en langleiðina. Þar að auki er stysta leiðin til Reykjavíkur frá Ísafirði um veg nr. 60 en ekki veg nr. 61. Göngin lítið styttri en göng á leið F.

Munni við Naust undir Naustahvilt er erfiður en mögulegur. Aðstæður við munna við Djúpagil eru þröngar en viðunandi. Leið E Djúpagil - Naust leiðir til lengri akstursleiða en leiðir C og F.

Leið F, Sauradalur - Kirkjubær lítur best út að öllu öðru leiti en að göngin eru lengst og þar með dýrust. Sem sagt besta leið er einnig dýrust, ekki fyrsta skipti sem það er.

Ef ákveðið yrði að grafa einhver af þessum þremur göngum yrðu berglög könnuð með borunum. Berglöggin halla upp til Skutulsfjarðar og þess vegna yrði borað meira Álftafjarðarmegin og svo sennilega í Arnardal. Ekki er hægt með góðu móti að komast upp fyrir þá gangamunna sem settir



eru fram hugmyndir um Skutulsfjarðarmegin og hefur því ekki tilgang að bora þar nema grunnar holur. Aðalholur gætu átt að vera um 300 metra djúpar.

Þetta eru löng göng, til samanburðar eru Göng undir Breiðadals og Botnsheiði 9,1 km, en aðeins 6 km á milli fjarða. Norðfjarðargöng er 7,9 km, Vaðlaheiðargöng 7,5 km og lengri Héðinsfjarðargöng 7,1 km. Önnur íslensk veggöng eru styttri en 6 km.

5 Aðrar leiðir

5.1 Súðavíkurhlíð

Hægt er að grafa stutt göng sem ná yfir snjóflóðasvæðið.

Áður er sagt að á Óshlíðinni hafi verið tvö vandamál það er snjóflóð og grjóthrun, raunar var ágangur sjávar það þriðja. Á Óshlíðinni var búið að leysa snjóflóðahættuna að verulegu leyti með 4 vegskálum og mörgum skápum með vegg fyrir framan, það átti eftir að eiga við nokkur gil þar sem komu frekar fá flóð. Það var stórgrýtisgrjóthrun hátt úr fjalli sem ekkert réðst við og var helsta ástæða þess að ráðist var í jarðgangagerð. Á Súðavíkurhlíð eru það fyrst og fremst snjóflóðin sem er vandinn en grjóthrun hefur alltaf verið mun minni vandi. Þess vegna er á margan hátt álitlegt að nota reynslu frá snjóflóðavörnum á Óshlíð eins og gert væri með því að byggja nokkra vegskála og marga varnarveggi fyrir framan snjóflóðaskápa.

Leiðin er með sjó alla leið nema í göngunum og menn missa ekki útsýnið af Arnarnesinu yfir Djúpið. Þegar óskað er eftir ferðamönnum á svæðið er ekki gott að þurfa að bjóða þeim að aka mikið í gegn um jarðgöng.

5.1.1 Stutt göng Leið A




Mynd 19: Skápur í gili nr 1. Þar sem annar munnur stuttra ganga gæti verið.



Snjóflóðasvæðið er mjög afmarkað við innri hluta hlíðarinnar á 2,7 km kafla frá gili nr. 1 utan Skjólhamravíkur að gili nr. 22, Djúpagili. Hægt er að grafa 2,3 km jarðgöng frá Gili 1 að stað um 150 m utan við gil nr. 21, Fjargil. Þessi göng eru merkt Leið A fyrir í greinargerðinni. Síðan þyrfti vegskála við Fjargil og Djúpagil, samtals líklega um 300 m. Nýlega hefur verið skoðað í öðru vekefni að skálar eins og við jarðgangmunna geti hentað gegn snjóflóðum þar sem þeir standa í hlíðarfæti þar sem er ekki mjög bratt. Vegskálar eins og þeir sem byggðir voru á Óshlíð henta ekki vel við slíkar aðstæður.

Það er líka mögulegt að lengja göngin um 500 m eða svo þannig að þau nái inn fyrir Djúpagil og þarf að bera þessa tvo kosti betur saman kostnaðarlega.



Myndir 20 og 21: Snið í vegskála (gangskálar) sem gætu hentað í Djúpagil og Fjargil.


Teikn 201 Jarðgöng leið A lega og langsnið

5.1.2 Vegskálar og snjóflóðaskápar:

